

M i ð f j a r ð a r n e s s e l .

Jörð í Skeggjastaðahreppi , næst sunnan Miðfjarðarnes-  
sama um örnefni þar að segja. Yfir þau fór Árni b. í Miðfjarðarnes-  
seli.

Þærinn stendur inn með Miðfjarðará nokkuð frá sjó; eftir  
nafninu að dæma er þetta gömul selstaða frá Miðfjarðarnesi.

Austan við land jarðarinnar er Miðfjarðará (1), sem er  
talsvert vatnsfall og rennur í Miðfjörð (2). Þar skammt utar með sjó  
byrjar land jarðarinnar við Fjarðargil (3), þar sem vegurinn ligg-  
ur nú niður allbratta brekku. Niður af gilinu er fjaran við sjóinn  
nefnd Selskrókur (4). Vegur nú fyrst haldið inn með ánni. Þá er  
þar Bergarmelur (5) meðfram ánni. Neðan við hann var fjárberg, sem  
sjást tættur eftir. Skammt ofan við ósinn á Miðfjarðará er vað  
á henni, sem heitir Flóðvað (6), og þar skammt ofar er Skakkabrot  
(7). Rétt utan við brúna er Svarðarhylur (8), og Strangabrot (9) er  
neðan við Svarðarhyl.

Þá er Náttmálagil (10), sem liggur upp í melana, og að  
því nær Bergarmelurinn. Þá er næsta gil Skakkalág (11) nokkuð innar  
utan við brúna á ánni, og Brúarmelar (12) eru beint upp af brúnni.  
Fram og upp af brúnni heitir Breiðagil (13). Þar innar er lítil nafn-  
laus klauf, en svo er Selklauf (14). Stykkið innan við brúna heim  
undir, sem vegurinn liggur eftir, heitir Fit (15). Þar austur af er  
Eyrin (16), sem varpið er á. Þarna var um 1930 losað um grjótt. Vorid  
eftir verptu þar nokkrar kollur í skjóli við steinana. Skammt  
innan við núverandi brú, þar sem gamla brúin var, heitir Brúarhyl-  
ur (17), og utan við eyrina er Svartabakkahylur (18), kenndur við  
Svartabakka handan ár. Engjavað (19) er á ánni undan Svartabakka af  
Eyrinni. Ef ánni yrði nú fylgt meira, þá er Netahylur ~~xx~~ (20) nokkuð  
ofar utanvert við Eyrina. Þá er næst Kríuhólmi (21) í ánni neðan við  
túnið, Húsahylur (22) beint neðan bæjar, þar var fjárhús á bakkanum,  
og Bæjarvað (23), var farið innst úr Kríuhólma.

Þá er komið heim undir bæ. Í túni ofan við götu utan við  
Bæjarlækinn (24) heita Eiríksstaðir (25), og niður við ána inn með  
henni í túni eru Sigurðarstaðir (26). Upp af bænum heitir svo  
Bæjarklauf (27). Þar uppaf á brúnni er melur, sem heitir Taðhlaða-  
melur (28). Þar nokkru innar er Breiðaklauf (29) og Góðaklauf (30),  
dregur nafn af því, hvað mikið er af berjum í henni. Neðan hennar er  
svo Háabrekka (31) við ána, mjög há, og neðan hennar er Háubrekkuhylur  
(32) í ánni. Neðan við Háubrekku er Stökkjarmór (33). Þar var

stekkur, sem merki eru eftir. Þar innar með ánni er svo Þurkeyri (34), þar var þurrkað hey, og undan henni er Þurrkeyrarhylur (35) í ánni. Þar innar eru Litlagil (36) og innar Draugagil (37), sem bæði liggja upp í gegn um melana. Nokkuð utan við Draugagilið er Lindarhylur (38), að honum eru miklar klappir, og Draugagilsfoss (39) er beint neðan við gilið; þetta er smáflúð. Þar innar er svo Ármótamelur (40) skammt frá þar sem Kverká (41) kemur í Miðfjarðará, og við ármótin er Ármótahvammur (42), og Ármótahylur (43) er þar efst í Miðfjarðará.

Þá verður haldið inn með Kverká, Klapparvað (44) er á Kverká skammt frá ármótunum. Rétt þar við ána er stór höll, sem heitir Stórhöll (45), og ofan við hann er Stórhólssund (46). Klapparfoss (47) er í ánni skammt frá vaðinu. Inn af Stórhól inn með ánni er melur, sem heitir Langimelur (48). Inn af Langamæl er Háubakkavað (49) á ánni. Þar upp af var engjastykki, nefnt Háubakkaflaga (50); dregur þetta hvortveggja nafn af háum nafnlausum bökkum að ánni. Þar innar er Álftavað (51) á ánni og Sveifar (52), stórt og mikið engjastykki, smágresi, ljósalykja og lauf, Þollar nokkuð stórir sveigmyndaðir, og innan þeirra er Hálsendalækur (53), og þar innar er nokkuð stórt svæði nafnlaust inn í Grófarhóla (54). Innantil undan Langamel var brú áður fyrr á ánni, þar heitir Brúarfoss (55).

Þá byrjum við aftur heima við tún við Bæjarlækinn, sem rennur um túnið rétt austur af bæ. Þá er fyrst Langahall (56), sem er beint upp af brúninni fyrir ofan melana, þá er Berjahall (57), sem er upp með Bæjarlæk beint upp af brúninni. Utan og ofan við Berjahall er mýri, sem heitir Dýjamýri (58). Inn og upp af Dýjamýri er brúin nefnd Bæjarbrún (59). Upp af Bæjarbrún utan við Bæjarlæk eru Neðri-Botnar (60), en ofar og innar við læk eru Efri-Botnar (61). Beint upp af Neðri-Botnum heitir Miðpaldur (62), þar upp af er svo Dýjabrekka (63), og suðvestur af Miðpaldri eru Efri-Botnar.

Háabrekka, var fyrr nefnd, upp af henni er Háubrekkumelur (64). Utan við Háubrekkumel og Þurrkeyri kemur niður lækur, sem heitir Háubrekkulækur (65). Háubrekkumelur er stór og laggur melur, og bak við hann er dalur eða lægð, sem heitir Háubrekkudalur (66). Út og upp af Háubrekkumel er Illagróf (67), þá er Hestagróf (68) og Illakelda (69), hvað inn af öðru. Þá er Hraunhall (70) innar og ofar, gott engjastykki. Neðan við Hraunhall er Hraunmýri (71), nær niður að melum, sem eru innan við Háubrekkumel; þá er kónið inn fyrir hann.

Inn og upp af Efri-Botnum, sem fyrr voru taldir, er Vörðubrekka (72), er neðan í mel, sem heitir Vörðumelur (73). Beint upp

af Vörðumel er Stórsteinsaxlarflói (74), stór og mikill flói, sem nær inn og austur í Stórsteinsöxl. Suðvestur af Vörðumel er Urðarhlíð (75), grösug urðarbrún, sem nær niður í á .

Rauðilækur (76) myndast í flóa rétt innan við Stórsteinsöxl, þar sem heitir Rauðalækjarsund (77), í læknum er foss, sem nefndur er Rauðalækjarsfoss (78); hann er ofarlega í læknum. Efst með læknum, þó neðar en sundið, sem hann kemur úr, heitir Rauðalækjarhvammur (79). Rauðilækur rennur í Miðfjarðará.

Innan við Rauðalæk kemur lækur, sem heitir Litlilækur (80), er rennur um Litlagil ~~(81)~~ niður í Miðfjarðará. Upp af honum eru Litlilækjarmýrar (82). Þá taka við Fögrubrúnir (83), sem eru ofan þess fyrirtalda inn með Kverká. Hreindýrahryggur (84) liggur svo inn af Rauðalækjarhvömmum upp af Fögrubrúnum ~~(85)~~. Þar fundust eitt sinn leifar af hreindýrum. Langihryggur (85) er suðvestan í hálsinum inn af Stórsteinsöxl. Þar er Hálsendantjörn (86), sem er sama og þeir í Miðfjarðarnesi nefna Vatnakvosir (87), þaðan kemur svo Hálsendalækur <sup>inn</sup> (88), sem rennur í Kverká, og innri endi á hálsinum heitir Hálsendahæð (89).

Stafrófsskrá yfir Miðfjarðarnessels örnefni:

Álftavað 51	Háabrekka 31	Miðfjarðará 1
Ármótahvammur 42	Hálsendahæð 89	Miðfjörður 2
Ármótahylur 43	Hálsendalækur 53	Miðpaldur 62
Ármótamelur 40	Hálsendatjörn 86	Náttmálagil 10
Berjahall 57	Háubakkafлага 50	Netahylur 20
Borgarmelur 5	Háubakkavað 49	Rauðalækjarsfoss 78
Botnar efri 61	Háubrekkuhylur 32	Rauðalækjarhvammur 79
Botnar neðri 60	Háubrekkuendur 64	Rauðalækjarsund 77
Breiðagil 13	Háubrekkuðalur 66	Rauðilækur 76
Breiðaklauf 29	Háubrekkuhlækur 65	Selklaufr 14
Brúarfoss 5	Hestagróf 63	Selkrókur 4
Brúarhylur 17	Hraunhall 70	Sigurðarstaðir 26
Brúarmelur 12	Hraunmýri 71	Skakkabrot 7
Bæjarbrún 59	Hreindýrahryggur 84	Skakkalág 11
Bæjarklauf 27	Húshylur 22	Stekkjarmór 33
Bæjarlækur 24	Illagróf 67	Stórhóll 45
Bæjarvað 23	Illakelda 69	Stórhóllssund 46
Draugagil 37	Klapparfoss 47	Stórsteinsaxlarflói 74
Draugagilsfoss 39	Klapparvað 44	Strangabrot 9
Dýjabrekka 63	Krífuhólmi 21	Svarðarhylur 8
Dýjamýri 58	Kverká 41	Svartabakkahylur 18
Engjavað 19	Langahall 56	Sveifar 52
Eyri 16	Langihryggur 85	Taðhlaðamelur 28
Fit 15	Langimelur 48	Urðarhlíð 75
Fjarðargil 3	Lindarhylur 38	Vatnakvosir 87
Flóðhvað 6	Litlagil 36	Vörðubrekka 72
Fögrubrúnir 83	Litlilækjarmýrar 82	Vörðumelur 73
Góðaklauf 30	Litlilækur 80	Þurkeyrarhylur 35
Grófarhólar 54		Þurkeyri 34

Norður-Múlasýsla

Skeggjastaðahreppur

Miðfjarðarnessel

Gott væri að fá svör við eftirfarandi spurningum, ef hægt væri:

1. Eru selsrústir í Selskrók og Selklauf? Er vitað, hvenær síðast var haft í seli á þessum slóðum?
2. Var mótekja stunduð nálægt Svarðarhyl?
3. Er vitað, hvenær Eiríksstaðir og Sigurðarstaðir lögðust í eyði og við hverja þeir eru kenndir?
4. Eru nokkrar sagnir til um Draugagil?
5. Hvernig er Miðpaldur í laginu?
6. Er rauður leir í Rauðalæk?